

„Sprakk þar sem megnið af erlenda fluginu er afgreitt“

Rætt við Davíð Vilhelmsson, svæðisstjóra Flugleiða í Frankfurt, um sprengjuna sem sprakk á flugvellingum í Frankfurt með þeim afleiðingum að 3 létust og 42 slösuðust

„Sprengingin varð í B-álmú flugstöðvarinnar hér í Frankfurt, en um þá álmú fer megnið af erlenda fluginu fram, þar á meðal okkar flug að hluta,“ sagði Davíð Vilhelmsson svæðisstjóri Flugleiða í Frankfurt í samtali við Morgunblaðið, þegar hann var spurður um sprengingu þá sem átti sér stað í flugstöðvarbyggingunni á miðvikudaginn með þeim afleiðingum að þrjú létust, þar af tvö lítil börn, fjórir slösuðust lífshættulega og alls slösuðust 42.

Davíð sagði að flugafgreiðsla Flugleiðavélanna færi fram í báðum flugálmum, A og B, þar sem Lufthansa annaðist afgreiðsluna, en þeir væru með afgreiðslur í

kvikmyndir af atburðinum sýndar í sjónvarpinu hér í Frankfurt. Blossinn sást, fólk hljóp um öskrandi og æpandi, hreinlega í taugasjokki og tveir litlir barnslíkamir lágu í miðri óreiðunni. Þetta var hörmuleg sjón — hreint hörmuleg sjón.


Davíð sagði að í þessum setkrók hefði fólk setið þegar sprengjan sprakk og samstundis hefðu þrjú látið, þar af tvö ung börn. Auk þess hefðu a.m.k. 4 slasast mjög alvarlega, en allt í allt 42. „Salurinn sjálfur er hreinlega eins og fallið hefði sprengja á flugstöðvarbygginguna,“ sagði Davíð. „Það fór allt gler úr framhlið byggingarinnar á 100 metra kaffa. Um fermetra stórt gat kom á gólfid, alveg niður úr steypunni.“

Davíð var spurður hvort afhafnalíf á flugvellingum hefði ekki lamast við þetta. „Það einkennilega var,“ sagði Davíð, „að á ótrúlega skömmum tíma tókst að koma allri starfsemi aftur í gang. Til dæmis vélin okkar, sem fór í gegn á milli 5 og 6, fór í gegn alveg á réttum tíma, bæði inn og út. Þegar þetta gerðist var flugvellingur lokað, allri aðkeyrslu jafnframt, og auðvitað varð heilmikið um seinkanir fyrstu stundirnar á eftir.“

Hvaða afleiðingar telur svo svæðisstjóri Flugleiða í Frankfurt að þetta komi til með að hafa á starfsemina:

„Það kemur auðvitað upp í hugum fólks, að þetta hljóti að hafa alvarleg eftirköst í för með sér. Spurningin er hvort þetta þýðir það að engum verði hleypt inn í flugstöðina, nema þeim sem eru með farseðla, eins og tíðkaðist hér á árum áður, þegar flugránin voru hvað tíðust. Það fer ekkert á milli mála að eitthvað gerist. Þetta gæti hleypt að stað einhverri óöld. Til dæmis gerðist það síðar í dag, að hótað var að sprengja á flugvellingum í München, með þeim afleiðingum að flugstöðin var tæmd um klukkustundarskeið. Ég óttast að þetta fari eins og eldur í sinu um Evrópu.“

Davíð sagði að starfsfólk flugfélaganna óttaðist nú mjög, að þetta til viðbótar gagnrýni Bandaríkjamanna á öryggisráðstafanir á Aþenuflugvelli í kjölfar flugránsins þar, kæmi til með að hafa þau áhrif á ferðamannastrauminn frá Bandaríkjunum til Evrópu að hann færi minnkandi. „Þetta hefur hugsanlega það í för með sér að Bandaríkjamenn þori ekki að koma til Evrópu,“ sagði Davíð, „enda má vel vera að þessir hryðjuverkamenn stefni markvisst að slíku.“



Keppendur í eðlisfræði ásamt leiðbeinendum horfa á bylgjur í sveiflusjá. Talið frá v.: Ásgeir Ægisson, Vilmundur Pálmason, Sigurður Áss Grétarsson, Sigurbjörn Þorkelsson, Viðar Ágústsson eðlisfræðingur og Hans Kr. Guðmundsson eðlisverkfræðingur. Ljósmynd: Bjarni

Ólympíuleikarnir í eðlisfræði og stærðfræði:

Íslendingar senda sex keppendur

ÓLYMPIULEIKARNIR í eðlisfræði verða haldnir í 16. sinn 23.—30. júní í Portoroz í Júgóslavíu. Ólympíuleikarnir í stærðfræði, þeir 26. í röðinni, verða í Helsinki í Finnlandi 1.—11. júlí.

Ísland tók þátt í Ólympíuleikunum í eðlisfræði í fyrri, en tekur nú þátt í fyrsta sinn í Ólympíuleikunum í stærðfræði.

Ásgeir Ægisson MK, Sigurbjörn Þorkelsson MH, Sigurður Áss Grétarsson MR og Vilmundur Pálmason MK keppa í eðlisfræði fyrir Íslands hönd. Þeir Ásgeir, Vilmundur og Sigurður luku stúdentsprófi í vor. Allir náðu piltarnir góðum árangri í landskeppninni í eðlisfræði, sem haldin var fyrr á þessu ári. Þess má geta að Ingvaldur Jónsdóttir, sem deildi efsta sætinu í þeirri keppni með Sigurði Ás, verður orðin tvítug þegar leikarnir hefjast og getur því ekki verið með. Tveir fararstjórar verða með í förinni, dr. Hans Guðmundsson eðlisverkfræðingur og Viðar Ágústsson eðlisfræðingur. Viðar hefur séð um þjálfun piltanna fyrir keppnina.

Í stærðfræði keppa Ágúst Sverrir Egiðsson og Hákon Guðbjartsson báðir úr MR. Til þess að velja keppendur var haldin landskeppni í stærðfræði. Hún var í tveimur hlutum. Þar náði Hákon bestum árangri og þeir Ágúst og Bjarni Gunnarsson úr MR næstbestum, en Bjarni er þegar orðinn tvítugur og kemur því ekki til greina sem þátttakandi á Ólympíuleikunum. Þeir Ágúst og Hákon hafa undirbúið sig allan júnímánuð fyrir keppnina. Leiðbeindi þeirra er Reynir

Axelsson stærðfræðingur og mun hann jafnframt verða fararstjóri ásamt Benedikt Jóhannessonyni stærðfræðingi. Einnig hafa félagar úr íslenska stærðfræðifélaginu verið drengjunum innan handar við undirbúning.

„Það má segja að dæmin í stærðfræðikeppninni reyni meira á hugkvæmni og hugmyndaflug en beina þekkingu,“ sagði Reynir Axelsson. Drengirnir hafa lagt sig alla fram og hafa báðir hætt vinnu á meðan á æfingum hefur staðið fyrir keppnina. Mest hefur verið reynt að fara í dæmi frá fyrri keppni, en einnig hefur verið reynt að fara nokkuð í þær greinar stærðfræði sem dæma er helst að vænta úr. Þar má nefna talnfræði og rúmfræði,“ sagði Benedikt. Búið er við keppendum frá 34 löndum á Ólympíuleikana í stærðfræði. Prófið er í tveimur hlutum og fá keppendur 4½ tíma til að leysa hvorn hluta. Dæmin sem lögð eru fyrir eru valin af alþjóðlegri dómnefnd. Hvert land sendi þrjú dæmi til dómnefndar í apríl og verða dæmin valin úr þeim.

„Verkefnin í eðlisfræðikeppninni eru miklum mun þyngrri en nokkurn tíma yrðu lögð fyrir nemendum í menntaskólum,“ sagði Hans Guðmundsson fararstjóri eðlisfræðikeppenda. Þátttökulið mæta til leiks sunnudaginn 23. júní. Leikarnir verða settir við hátíðlega athöfn á mánudag. Keppnis dagar eru tveir. Þann fyrri, þriðjudaginn 25., verða keppendur að leysa úr þremur fræðilegum verkefnum og fá til þess fimm klukkustundir.

Síðari keppnisdagurinn er fimmtudagur, en þá eiga keppendur að leysa verklegar eðlisfræðiprautir. Þátttakendum er boðið upp á margs konar viðburði í tengslum við keppnina. Má þar nefna ferð í Postojnahellana, tónleika o.fl. Laugardaginn 29. júní verður leikunum slitið og úrslit kynnt og viðurkenningar veittar,“ sagði Hans.

Strákarnir sögðust hlakka til keppinnar, en sögðu þó að skynsamlegast væri að vera hóflega bjartsýnn. „Það er verst að það skuli ekki vera neinir Ólympíuleikar smáþjóða í eðlisfræði,“ sagði Vilmundur Pálmason.

„Eðlisfræðikeppni er nýmæli fyrir okkur Íslendinga, en á sér langa sögu víðs vegar erlendis. Eðlisfræðingurinn Roland Eötvös átti hugmyndina að fyrstu ungversku stærðfræðikeppninni 1894 en sambærileg eðlisfræðikeppni var fyrst haldin 1916. Fyrstu Ólympíuleikarnir voru haldnir 1967 í Varsjá og stóðu að þeim fimm Austur-Evrópuþjóðir. Síðan hefur þátttökþjóðum stöðugt fjölgað og voru 18 talsins í fyrri, en leikarnir voru þá haldnir í Sigtuna. Þá tóku Íslendingar þátt í þeim í fyrsta skipti með ágætum árangri. Það vekur athygli, að keppendur frá Austur-Evrópu hafa jafnan staðið sig með miklum ágætum. Ástæðunnar er trúlega að leita í þeim möguleikum sem keppni af þessu tagi er gefið í skólakerfi þessara þjóða þar sem góður árangur getur opnað annars ófærar leiðir til framhaldsnáms,“ sagði dr. Hans Guðmundsson að lokum.



Morgunblaðið/ Agnes Davíð Vilhelmsson, svæðisstjóri Flugleiða í Frankfurt.

báðum álmum. Tæpum þremur tímum eftir sprenginguna milli-lenti vél Flugleiða í Frankfurt, á leið frá Salzburg, áleiðis til Íslands.

„Þetta gerðist við setkrók, sem er rétt við afgreiðsluborð Luft-hansa,“ sagði Davíð, „en sem betur fer vildi þannig til, að þessi sprengja, sem hafði verið komið fyrir í ruslakörfu, sprakk rétt eftir að hádegisannatíminn var um garð genginn, og áður en eftirmiðdagsannirnir byrjuðu. Þess vegna var verulega færra í salnum heldur en verið hefði klukkutíma fyrr, eða klukkutíma síðar. Örstuttu eftir að þetta gerðist voru



Iðnkynning Rangæinga á Kjarvalsstöðum

Undirbúningur fyrir iðnkynningu Rangæinga á Kjarvalsstöðum er nú á fullu, en sýningin verður opnuð kl. 3 í dag og verður hún opin til kl. 10 um kvöldið, 14—22 á laugardag og sunnudag, en þá lýkur Rangæingakynningunni. Öll iðn- og framleiðslufyrirtæki í Rangárvallasýslu, 20 talsins, sýna framleiðslu sína á Kjarvalsstöðum, en þessa mynd tók Bjarni ljósmyndari Morgunblaðsins þegar smiðir frá Tré-

smiðjunni Rangá voru að ljúka smíði á „viðbyggingu við Kjarvalsstaði“, hluta sumarbústaðar, sem trésmiðjan hefur á boðstólum. Guðrún Sigríður Haraldsdóttir leikmynda- og búningateknari setur sýninguna upp. Rangæingakynningin verður í öllum austurhluta Kjarvalsstaða og á útisvæði sunnan og norðan við húsið þar sem tjaldsýning frá Mosfelli verður um helgina.